



Vesturlandskógar

Alþingi
Erindi nr. P 143/924
komudagur 30.1.2014

Hvanneyri 29. janúar 2014

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Frá: Vesturlandskógum, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes


Varðar: Umsögn um tillögu Atvinnuveganefndar Alþingis til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, þingskjal 273 - 211. mál.

Sjá: <http://www.althingi.is/alttext/143/s/0273.html>

Vesturlandskógar fagna framkominni þingsályktun og telur hana í megindráttum vera til framdráttar íslenskrí skógrækt. Ályktunin er í fjórum liðum og umsögn Vesturlandskóga með sama hætti.

- a. Vesturlandskógar fagna því að hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf verði stóreflt og minna á að ein meginforsenda til framfara er að stundaðar séu öflugar rannsóknir.
- b. Vesturlandskógar telja málaflökknum vel borgið í einni stjórnsýslueiningu, sé það tryggt að byggðasjónarmið séu höfð að leiðarljósi, að starfsemi sé tryggð úti á landsbyggðinni og störfum fjölgi. Vesturlandskógar benda jafnframt á að inni nýrri stjórnsýslueiningu skógræktar og landgræðslu ætti verkefni eins og Hekluslógar jafnframt heima.
- c. Vesturlandskógar fagna tillögu í þingsályktuninni að nýrri, tímabærri lagasetningu um málaflökkinn. Eðlilegt er að endurnýja lög í samræmi við nýja tilskipun og breytingar sem orðið hafa í umhverfi skógræktar og landgræðslu undanfarin ár og áratugi.
- d. Við mótun starfsumhverfis með rammaáætlun til þriggja ára ætti að taka til viðmiðunar landshlutaáætlanir, þ.e. héraðsáætlanir Landgræðslunnar og landshlutaáætlanir landshlutaverkefnanna, auk stefnu í skógrækt á 21. öldinni, sem gefin var út í febrúar 2013.

Fyrir hönd Vesturlandskóga


Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

framkvæmdarstjóri